

Heimsóknarvinir Rauða krossins.

Einsemd er alvarlegt vandamál í íslensku samfélagi. Bæði aðstæður og upplag fólks getur orðið til þess að það missir samband við aðra og einangrast. Félagsleg einangrun getur orðið vítahringur sem erfitt er að rjúfa.

Árlega heimsækja sjálfbóðaliðar Rauða krossins hundruð einstaklinga sem eru félagslega einangraðir. Sjálfbóðaliðarnir sækja undirbúningsnámskeið hjá Rauða krossinum og eru bundnir trúnaði við þá sem þeir heimsækja.

Gestgjafi og heimsóknarvinur gera samkomulag um hversu tíðar heimsóknir eru. Venjulega er miðað við eina klukkustund í senn, einu sinni í viku.

Hlutverk heimsóknarvina er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju. Hvað gert er saman fer allt eftir óskum gestgjafa. Margir kjósa að lesa saman, hlusta á tónlist eða útvarp, spila, tefla, fönndra eða tala saman. Einnig fara margir í göngu- eða ökuferðir eða fara saman á kaffihús eða bíó svo eitthvað sé nefnt.

Öll höfum við þörf fyrir félagsskap. Sjálfbóðaliðarnir eru á öllum aldri, 18 ára og eldri, konur og karlar og heimsækja jafnt unga sem aldna á dvalarheimilum, sjúkrastofnunum eða einkaheimilum.

Ef þú vilt fá heimsóknarvin Rauða krossins til þín geturðu haft samband við Rauða kross deildina á þínu svæði, Rauða krossinn í Þingeyjarsýslu, sjálfbóðaliðar og starfsfólk taka vel á móti þér.

Hópstjórar í heimsóknarvinaþjónustu Rauða krossdeildarinnar í Þingeyjarsýslu eru: Sólveig Mikaeladóttir sími: 895-0466 og Alma Lilja Ævaradóttir sími 898-8328.

Vilt þú gerast heimsóknarvinur?

Ef þú hefur áhuga á að gerast heimsóknarvinur geturðu haft samband við deildina á þínu svæði, Sólveigu Mikaeladóttur í síma 895-0466, Ölmju Lilju Ævaradóttur í síma 898-8328 eða landsskrifstofu Rauða krossins í síma 570-4000.

Fyrirhugað er námskeið fyrir heimsóknarvini síðar í október.